

Öryggisstefna

1. Tilgangur og umfang

Skilgreining stefnu Isavia í málum tengdum flugöryggi.

2. Stefna

Isavia vill lágmarka áhættu í öllum rekstri að ásættanlegu marki og leggur flugöryggi til grundvallar allri starfsemi fyrirtækisins.

3. Markmið

Meginmarkmið Isavia er að minnka áhættu á slysum, atvikum og öðrum atburðum sem skert gætu flugöryggi. Ennfremur vill Isavia tryggja, að aðrir aðilar, fyrirtæki eða stofnanir, sem tengjast rekstri og þjónustu félagsins, samræmi sig þessu markmiði.

Starfsfólk Isavia allt frá forstjóra og eftir öllu stjórnskipulaginu er einhuga um að:

- Starfsemin uppfylli alla staðla og gildandi kröfur.
- Nægjanlegt fé, starfsfólk, þekking og búnaður sé fyrir hendi til að framfylgja öryggisstefnunni.
- Vinna kerfisbundið með skýrum, fyrirbyggjandi og skjalfestum hætti að öryggismálum.
- Ábyrgð starfsmanna og starfsskyldur séu skilgreindar og uppfylltar.
- Tryggja að starfsmenn séu hæfir til sinna verka.
- Öryggisbragur styðji markmið öryggisstefnu og sé ríkur þáttur í starfi allra og stöðugt sé unnið að umbóta- og forvarnaverkefnum tengdum flugöryggi.
- Starfrækja öryggistilkynningakerfi og virka atvikaskráningu, rannsókn atvika, úrvinnslu og eftirfylgni í þeim tilgangi að bæta öryggi.
- Verklagsreglur um öryggistilkynningar séu fyrir hendi og í samræmi við kröfur viðkomandi starfsemi
- Starfsfólk sé upplýst um reglur fyrirtækisins um óásættanlegt atferli (áhrif geðvirkra efna og/eða ásetningsbrot) og fái réttláta málsmeðferð við úrvinnslu mála (just culture principles og innan marka laga og reglna)
- Svið félagsins sem tengjast þjónustu við flug setji sér viðeigandi öryggismælikvarða.



4. Annað

Stefnan skal kynnt fyrir starfsfólki og vera aðgengileg á innra neti félagsins.

Stefna þessi er í gildi og ber framkvæmdastjóri ábyrgð á framfylgd hennar.

Þannig samþykkt af forstjóra Isavia hinn 28. maí 2015.

Björn Óli Hauksson,
forstjóri Isavia